

STARFSREGLUR

um breyting á starfsreglum um sóknarnefndir nr. 1111/2011.

1. gr.

7. töluliður 6. gr. starfsreglnanna fellur brott.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 15. gr. starfsreglnanna:

- a. Nýr 6. töluliður orðast svo: Kosning sóknarnefndar.
- b. Nýr 7. töluliður orðast svo: Kosning kjörnefndar.
- c. 6. töluliður verður 8. töluliður.
- d. 7. töluliður verður 9. töluliður.

2. mgr. 15. gr. starfsreglnanna hljóðar svo:

Um kosningu kjörnefndar er mælt fyrir í starfsreglum um val og veitingu prestsembætta nr. 144/2016.

3. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi við birtingu.

Reykjavík, 29. mars 2016.

Egill H. Gíslason, varaforseti kirkjuþings.